

**Nd.**

## **42. Frumvarp til laga**

um ráðstafanir vegna atvinnulausra unglunga.

Flm.: Sigurður Einarsson.

### **1. gr.**

Skráning atvinnulausra unglunga til tvitugs aldurs skal fram fara tvisvar á ári, vor og haust, í öllum kaupstöðum og þorpum landsins.

### **2. gr.**

14—20 ára unglungum, sem ekki hafa atvinnu, skal gefa kost á viðfangsefnum af hálfu þess opinbera og á kostnað ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga, með þeim hætti, sem á er kveðið í lögum þessum. Viðfangsefnin skulu jafnan vera þannig, að þau veiti unglingnum, svo sem unnt er, þá menntun og fræðslu, sem hann hefir hæfileika og löngun til, sé honum undirbúningur undir það æfistarf, sem hann kys sér og er hæfur til, og forði honum frá því að biða tjón af iðjuleysi.

### **3. gr.**

Stofnaður skal sjóður til að standa straum af ráðstöfunum vegna atvinnulausra unglunga. Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a.  $\frac{1}{6}$  af því fé, sem ríki og bæir veita til atvinnubóta.
- b.  $\frac{1}{4}\%$  af atvinnutekjum þeirra manna í landinu, sem hafa yfir 3000 kr. atvinnutekjur á ári.
- c. Sérstakt 10 auru stimpilgjald á alla aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og dansskemmtunum, á þeim stöðum, sem starfsemi vegna atvinnulausra unglunga fer fram á.
- d. Tekjur þeirra stofnana, er lög þessi gera ráð fyrir.
- e. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast með opinberum fjárveitingum og á annan hátt.

Stjórn sjóðsins og yfirstjórn þeirra framkvæmda, er hann stendur straum af, hefir þriggja manna nefnd, er kennslumálaráðherra skipar og nefnist atvinnubótanefnd unglunga. Skal einn nefndarmanna vera valinn eftir tillögum Alþýðusambands Íslands, en annar eftir tillögum Ungmennafélags Íslands.

Í kaupstöðum og þorpum, þar sem skráðir eru atvinnulausir unglingar, skulu vera þriggja manna undirnefndir, til þess að sjá um framkvæmdir á staðnum. Bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kjósa tvo nefndarmanna hlutfallskosningu, en atvinnubótanefnd unglunga skipar formann.

### **4. gr.**

Þeim unglungum, sem skráðir eru atvinnulausir, skal veittur kostur á að velja um þessi viðfangsefni:

- a. Nám í opinberum skóla.
- b. Sjálfboðavinnu að framkvæmdum til almenningsheilla.
- c. Handavinnu, smáíðnað.
- d. Dvöl í skólaverstöð við verklegt sjómennskunám.
- e. Dvöl á kennslubúi eða í búnaðarskóla við landbúnaðarnám.

Unglingar, sem velja viðfangsefni b, c, d eða e, skulu jafnframt njóta bóklegrar fræðslu og íþróttaiðkana.

#### 5. gr.

Þeim unglingum, sem óska eftir að stunda skólanám, skal atvinnubótanefnd unglunga koma fyrir í þeim skóla, sem þeir kjósa sér, ef unnt er; annars öðrum, sem samkomulag verður um. Ef athugun leiðir í ljós, að heimili einhverra þessara unglunga geta ekki séð þeim farborða meðan á náminu stendur, skal sjóðurinn greiða fæði þeirra, fatnað, námsbækur og aðrar skólanauðsynjar.

#### 6. gr.

Stofnað skal til sjálfboðavinnu fyrir atvinnulausa unglunga við þjóðnytjaverk, sem ekki mundi keyptur vera almennur vinnukraftur til. Er rétt, að ungmennafélög og önnur almenn æskulýðsfélög geri tillögur til atvinnubótanefndar unglunga um val verkefna. Verkstjórn skal svo haga, að vinnendurnir læri sem bezt að beita sér að vinnu.

Þeir unglingar, sem gefa sig fram til sjálfboðavinnu, skulu vinna 4—5 stundir á dag til jafnaðar, en njóta kennslu í bókfræðum og íþróttum 3—4 stundir. Fá skulu þeir fæði, vinnuföt og kr. 0.50—1.00 á dag í vasapeninga fyrir vinnuna, meðan hún stendur. Einnig dvalarstað og ferðir, ef unnið er fjarri heimili þeirra.

#### 7. gr.

Í kaupstöðum og þorpum með yfir 500 íbúum skal komið upp vinnustofum með nægum verkfærum og aðstöðu til fjölbreyttrar handavinnu. Stofnkostnaður vinnustofunnar skal greiddur að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sjóði hlutaðeigandi bæjar eða hrepps.

Þeir atvinnulausir unglingar, sem velja sér handiðnir að viðfangsefni, skulu vinna í vinnustofum þessum 4—5 stundir daglega, en stunda bóknám og íþróttir 3—4 stundir. Fá skulu þeir ókeypis efni til að vinna úr og leiðbeiningar hjá forstöðumanni vinnustofunnar. Auk þess skal hann og atvinnubótanefnd unglunga á staðnum veita þeim aðstoð við að selja það, sem þeir framleiða. Unglingum þessum skulu tryggðar þær tekjur, sem getið er í 6. gr., fyrir störf sín, og greiðir sjóðurinn það, sem á vantar, að þær fáið fyrir seld verk þeirra.

Aðrir unglingar eiga rétt á að sækja vinnustofurnar og njóta þar verkfæra og tilsagnar kostnaðarlaust, en rétt er, að þeir greiði það efni, er þeir fá þar.

#### 8. gr.

Stofnuð skal skólaverstöð við Faxaflóa fyrir atvinnulausa unglunga, og ef hún gefst vel og þörf reynist fyrir, skulu samskonar stöðvar stofnaðar á Vestfjörðum, við Eyjafjörð og á Austfjörðum. Verstöðin skal hafa húsakost til að veita unglingum eigi lakari aðbúnað en sjómenn hafa í verbúðum, báta eftir þörfum og aðstöðu til allskonar starfa, sem sjómenn þurfa að kunna. Stofnkostnaður stöðvarinnar skal greiddur að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr sjóðum þeirra bæja og sýslna, sem sókn munu eiga að henni, í hlutfalli við tölu þeirra íbúa þessara staða, sem stunda fiskveiðar og siglingar sem aðalatvinnu.

Þeir atvinnulausir unglingar, sem hugsa til að stunda sjómennsku, geta fengið vist í verstöð þessari við verklegt sjómannsnám, nokkurt bóknám og íþróttaiðkanir. Fá skulu þeir sömu friðindi og um er getið í 6. gr.

#### 9. gr.

Stofna skal kennslubú í grennd við stærstu kaupstaðina, þar sem þeir atvinnulausir unglingar, sem leggja vilja stund á landbúnað og ræktunarstörf, geta stundað verklegt búnaðarnám, bóknám og íþróttir. Um stofnkostnað búanna fer eins og segir í 7. gr. Unglingarnir skulu hafa friðindi samkvæmt 6. gr., meðan þeir dvelja þar.

Atvinnulausum unglungum, er hugsa til landbúnaðar, frá þeim stöðum, er ekki hafa kennslubú, skal komið í búnaðarskóla, með sömu kjörum og gilda á búunum.

#### 10. gr.

Atvinnubótanefnd unglinga ræður forstöðumenn þeirrar starfsemi og þeirra stofnana, sem lög þessi kveða á um, og annað starfsfólk í samráði við forstöðumennina. Hún hefir og eftirlit með allri starfseminni og sér um fjárreiður hennar.

#### 11. gr.

Kennslumálaráðherra setur þær reglugerðir, sem þörf er á vegna laga þessara.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd frá fulltrúaþingi Sambands íslenzkra barnakennara og sambandsstjóra unginnefélaga Íslands; flm. hefir þó gert á frv. lítilsháttar breytingar.

Ég hefi á undanförnum tveim þingum flutt frv. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kaupúnum, en frv. náði í hvorugt það sinn fram að ganga. Hér er nú sú hugmynd, sem fyrir mér vakti á undanförnum tveim þingum, fram borin á nokkru víðara grundvelli, en þó í fullu samræmi við þær þarfir, er hér hafa skapazt í landinu með stækkun bæjanna og vaxandi tækni.

Það er hverjum manni kunnugt, að atvinnuleysi færir í vöxt meðal unglinga í bæjum, en aðstaða margra heimila þannig, að þau geta ekki sett börnin til náms, eða séð þeim á annan hátt fyrir samilegu umhverfi, félagsskap og hollum viðfangsefnum. Iðjuleysi unglinganna leiðir svo aftur til þess, að þeir dragast oft út í miður heppilegan félagsskap og athafnir, og eru þess ekki allfá dæmi, að leitt hefir til afbrota og ófarnaðar.

Það er reynsla allra þjóða, þeirra, er við atvinnuleysi hafa átt að stríða, að því fylgir hin mesta mannspillning. Á engum kemur hún eins hart niður eins og unglungum og æskumönnum. Áhugamál, hugsjónir og viðfangsefni skortir, lífsfjör og manndómur dvin, og ef ekki er að gert, þá bíður æskumaðurinn oft það tjónið, sem erfiðast er úr að bæta, lómun á starfslund sinni og starfsvilja.

Nú er það talin sjálfsgöð skylda með öllum þjóðum að vernda unglinga, eftir því sem kostur er, frá slíkum vandræðum, með því að gefa þeim, er ekki hafa nám eða vinnu með höndum, kost heilbrigðra og göfgandi viðfangsefna. Frv. þessu er ætlað að vera spor í þá átt hér á landi.